

Nefnd um mótun þjóðaröryggisstefnu fyrir Ísland

Bókun fulltrúa Sjálfstæðisflokksins

Vinnu nefndar um mótun þjóðaröryggisstefnu fyrir Ísland er nú lokið og skilar nefndin sameiginlegu nefndarálitinu til utanríkisráðherra, sem leggur skv. ályktun Alþingis að því búnu fram tillögu að þjóðaröryggisstefnu fyrir Ísland á Alþingi. Stefnan er þrískipt og tekur til virkrar utanríkisstefnu, varnarstefnu og almannaöryggis.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í nefndinni standa að nefndarálitinu og lýsum við okkur sammála því í öllum meginatriðum. Sérstaklega ber að fagna því að samstaða hafi náðst um að áréttu mikilvægi þess að meginstoðir varna Íslands verði áfram varnarsamningurinn við Bandaríkin og aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu. Þátttaka Íslands í verkefnum á vegum Atlantshafsbandalagsins er áréttuð, svo og áframhald loftrýmiseftirlits og –gæslu í umsjón bandalagsins. Mikilvægi samstarfs og samvinnu Íslands við aðrar þjóðir og alþjóðastofnanir er enn fremur áréttuð hvað varðar öryggis- og varnarmál og áhersla er lögð á málefni Norðurslóða.

Nefndin fjallaði einnig um nokkur önnur atriði sem vísað var til hennar, þ.á.m. frumvarp til laga um friðlýsingu Íslands fyrir kjarnorkuvopnum og bann við umferð kjarnorkuknúinna farartækja. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins taka undir þá stefnu sem löngum hefur verið samstaða um á Íslandi um að á Íslandi skuli ekki vera kjarnorkuvopn. Við setjum hins vegar fyrirvara við þá tillögu nefndarinnar um að unnið verði að friðlýsingu Íslands (alls lands og landhelgi) þar sem slíkt sé í raun óframkvæmanlegt og gangi gegn alþjóðlegum skuldbindingum sem Ísland hefur undirgengist, m.a. með aðild okkar að Atlantshafsbandalaginu.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins ítreka nauðsyn þess að lokið verði við verkefnatilflutning varnartengdra verkefna með lögformlegum hætti þannig að ábyrgð og verkaskipting liggi fyrir með skýrum hætti.

Reykjavík, 17. febrúar 2014,

Ragnheiður Elín Árnadóttir

Einar K. Guðfinnsson